



Alþingi
Umhverfis- og samgöngunefnd
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Reykjavík, 5. júní 2020
Tilvísun: 2020051651/PHH

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um fjarskipti, 775. mál.

Persónuvernd vísar til beiðni umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis frá 15. maí 2020 um umsögn um frumvarp til laga um fjarskipti (pskj. 1354, 775. mál á 150. löggjafarþingi).

Með frumvarpinu er lagt til að innleidd verði hér á landi efnisákvæði reglugerðar (ESB) 2018/1971 frá 11. desember 2018 um Evrópskan hóp eftirlitsaðila á sviði fjarskipta BEREC (e. Body of European Regulators for Electronic Communications) og skrifstofu honum til stuðnings (e. Agency for Support for BEREC), auk annarra Evrópugerða á sviði fjarskipta.

Að gefnu tilefni vill Persónuvernd benda á að framkvæmdastjórn ESB hefur sett fram tillögu að nýrri reglugerð um vernd persónuupplýsinga í fjarskiptum. Reglugerðin mun koma í stað tilskipunar (ESB) 2002/58 frá 12. júlí 2002 um vinnslu persónuupplýsinga og verndun einkalífs í fjarskiptum (e. ePrivacy Directive). Sú tilskipun var innleidd með fjarskiptalögum nr. 81/2003. Með fjarskiptalögum var eftirlitsskylda og úrskurðarvald fellt undir Póst- og fjarskiptastofnun, enda var með tilskipuninni aðildarlöndum látið eftir að velja þá stofnun sem bæri ábyrgð á málaflokknum í viðkomandi landi.

Væntanleg reglugerð mun hafa það í för með sér að umrædd verkefni koma til með að færast yfir til persónuverndarstofnana og mun samræmingaráðili vegna mála sem varða persónuvernd í fjarskiptum verða Evrópska persónuverndarráðið (e. European Data Protection Board) en Persónuvernd er aðili að ráðinu fyrir hönd Íslands. Í því sambandi skal tekið fram að meirihluti persónuverndarstofnana í Evrópu sinnir þessum verkefnum *nú þegar*.

Með hliðsjón af þeirri sérfræðipækkingu sem til staðar er hjá Persónuvernd og þeirri staðreynd að hér reynir umfram annað á mat á vinnslu persónuupplýsinga, sem og því að Persónuvernd er með lögum falið eftirlit með vinnslu persónuupplýsinga héraðs, þá skýtur skökku við að þessi afmarkaði hluti málaflokksins, þ.e. persónuvernd í fjarskiptum, heyrir ekki undir valdsvið stofnunarinnar.

Er það því tillaga Persónuverndar að málaflokkurinn persónuvernd í fjarskiptum verði að fullu færður undir Persónuvernd. Samhliða því er það mat Persónuverndar að rétt sé að kveðið verði á um það í frumvarpinu að eftirlit með 88., 89., 90., 91. og 94. gr. frumvarpsins falli undir valdssvið Persónuverndar, samkvæmt lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, með því að færa umræddar greinar yfir í þau lög. Er þetta að mati stofnunarinnar eina rökrétta niðurstaðan,



ella er hætta á að málaflokkurinn lendi á milli skips og bryggju og að misræmi verði í framkvæmd mála er varða persónuvernd, einungis vegna þess að við vinnslu eru nýtt fjarskiptakerfi. Slíkt verður að teljast afar óheppilegt.

Í ljósi framangreinds verður að telja eðlilegt að framangreind verkefni, og fjármunir þeim tengdir, verði flutt til Persónuverndar.

Persónuvernd telur ekki tilefni til að gera frekari athugasemdir við frumvarpið að svo stöddu. Verði frekari umsagnar óskað um einstök atriði verður hún fúslega veitt.

F.h. Persónuverndar,


Helga Þórisdóttir


Páll Heiðar Halldórsson